

# Gleym mér ei

hjarta fyrir englabörn og foreldra



Uppskrift eftir Jóhönnu Lind Brynjólfsdóttur fyrir  
styrktarfélagið Gleym mér ei  
2024






Gleym mér ei styrktarfélag er til staðar fyrir þá foreldra sem missa á meðgöngu og í/eftir fæðingu.

Við biðjum um að gerð séu tvö eins hjörtu svo annað þeirra geti fylgt barninu og hitt fari heim með foreldrum.

Hægt er að fara með hjörtun í Gleym mér ei Styrktarfélag, Lífsgæðasetrinu, Suðurgötu 41, Hafnarfirði.



**Garn:** Bómullar garn (t.d. Drops Paris) og heklunál sem hentar garni. Stærð hjartans fer eftir garntegund og heklunálarstærð. Mælt er með að gera ekki of stórt hjarta, svo ekki er mælt með stærri heklunál en nr. 5 en þá passar hjartað í lófa t.d. Óskað er eftir að litavalið sé í hlutlausum/mjúkum litum.

Fyrirmynd er gerð úr Drops Paris á heklunál nr. 5.

**Garnmagn:** 50 gr (ein dokka ætti að duga í allavega 2 hjörtu)

**Annað sem gott er að hafa við höndina**

- Prjónamerki
- Skæri
- Nál með stóru auga

**Skammstafanir:**

FP - Fastapinni

LL - Loftlykkja

TH - Töfrahringur ( [https://www.youtube.com/watch?v=2gxY2\\_Cwbqk&t=19s](https://www.youtube.com/watch?v=2gxY2_Cwbqk&t=19s) )

Útauk - Útaukning (2 FP í sömu lykkju,

<https://www.youtube.com/watch?v=q4agkabFD40> )

Úrtak - Úrtaka (ósýnileg úrtaka <https://www.youtube.com/watch?v=OUBbOZ1Ennk> )

(..) - Endurtakið það sem er inni sviganum

Heklað er í spíral og ekki tengt saman í lok umferðar.  
Heklið tvö stykki sem eru svo tengd saman.

1. 6 FP í töfrahring eða  
gerið 2 LL og 6 FP í aðra lykkju frá heklunál (6)
2. (Útauk í hverja L) x 6 (12)
3. (Útauk, 1 FP) x 6 (18)
4. 18 FP (18)
5. 18 FP (18)

**Klippað garnið og geymið.**

1. 6 FP í töfrahring eða  
gerið 2 LL og 6 FP í aðra lykkju frá heklunál (6)
2. (Útauk í hverja L) x 6 (12)
3. (Útauk, 1 FP) x 6 (18)
4. 18 FP (18)
5. 18 FP (18)
6. 18 FP og takið svo fyrra stykkið og gerið 1 FP þar  
sem þið hættuð á fyrra stykkinu, 17 FP (36)
7. 36 FP (36)
8. 36 FP (36)
9. (4 FP, úrtak) x 6 (30)
10. 30 FP (30)
11. (3 FP, úrtak) x 6 (24)
12. 24 FP (24)

**Byrjið að setja fyllingu í hjartað.**



13. (2 FP, úrtak) x 6	(18)
14. 18 FP	(18)
15. (1 FP, úrtak) x 6	(12)
16. 12 FP	(12)
17. Úrtak x 6	(6)

**Klárið að setja fyllingu í hjartað.**

**Klippið garnið og þræðið í gegnum síðustu 6 FP, dragið saman og gangið frá endum.**

**Saumið gatið saman sem kom þegar að tengt var saman í byrjun.**





Takk kærlega fyrir að leggja þessu fallega málefni lið. Ef það eru einhverjar athugasemdir varðandi uppskriftina þá má endilega senda mér skilaboð á facebook eða instagram lindarprjon. Allar athugasemdir eru vel þegnar.

Ef þú deilir myndum þá má endilega merkja þær

- #gleymmereihjarta
- @lindarprjon
- @gleymmereistyrktarfelag

